



Ellefta smáforritið í jólaþema 2017 er Adobe Spark Page.

Page er ókeypis margmiðlunarforrit frá Adobe og útkoman er einföld vefsíða eða rafbók. Mögulegt er að nýta það á fjölbreyttan hátt í öllum fögum og skólastigum. Bæði í kennslu og til að miðla

kennslufni/upplýsingum til nemenda og foreldra.

Forritið sem er bæði veflægt <https://spark.adobe.com/> og smáforrit fyrir [iOS](#) tæki, er mjög einfalt í notkun. Hvert verkefni fær sérstaka vefslóð (URL) sem auðvelt er að deila í tölvupósti eða á samfélagsmiðlum.

Nauðsynlegt er að stofna notandaágang eða svokallað „**Adobe ID**“, annað hvort með netfangi eða samfélagsmiðlatengingu. Í sumum tilvikum getur veirð gott að stofna bekkjar- eða hópaðgang og nýta til þess einnota tölvupóstföng. Við mælum með að stofna Adobe notandaágang.

#### Dæmi um notkun:

- Fréttabréf
- Upplýsingasafn
- Vefsíða
- Rafbók
- Auglýsing
- Umfjöllun um viðburði
- Heimavinnuáætlun
- Kennsluáætlun
- Bekkjarsáttmáli
- Skólareglur
- Lestrarkort
- Boðskort
- Þakkarkort
- Jólakort/jólakveðja
- Ferilskrá
- O.fl.

Sýnishorn af Spark Page verkefni: <https://spark.adobe.com/page/X30wIHtjplJ1q/>